

Reykjavík 4. mars 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum. 605. mál

Vísað er í bréf Nefndasviðs Alþingis varðandi framangreint efni, þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum, en umsögn N1 fer hér á eftir.

N1 leggur áherslu á, að öll lög og reglur varðandi gæði á eldsneyti verði að öllu leyti þau sömu og í nágrennalöndum og Norður Evrópu og farið verði eftir réttum gæðastöðlum, án fráviks. N1 leggur áherslu á að þetta gildi um allt eldsneyti, hvort sem er um að ræða eldsneyti til notkunar í samgöngum eða í öðrum tilgangi.

Í 2. grein segir að orkueiningar skuli mældar miðað við rúmmál, en orkugildi á bensíni, gasolíum, svartolíu og þotueldsneyti er miðað við massa, ekki rúmmálseiningu.

Í 3. grein segir; „Söluaðila eldsneytis á Íslandi ber að tryggja að minnst 3,5% af heildarorkugildi eldsneytis sem hann selur til notkunar í samgöngum á landi, sé endurnýjanlegt eldsneyti. Frá 1. janúar 2016 skal tryggja að minnst 5% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi sé endurnýjanlegt eldsneyti.“ N1 telur æskilegt að taka þetta skref í áföngum, þannig að 1. janúar

2016 verði mörkin 3,5% og 1. janúar 2017 bætist við 1,5%, þannig verði 5% markinu náð þann 1. janúar 2017. Rök fyrir þessu eru þau, að söluaðili eldsneytis kann að þurfa að yfirstíga ákveðna tæknilega þröskulda til að þessu takmarki verði náð og þess vegna er mikilvægt að ná markinu í tveimur þrepum.

Í grein 3. segir einnig, að eldsneyti sem flutt er úr landi teljist ekki hluti af heildarorkugildi eldsneytis söluaðila. Eldsneyti er mjög oft selt til erlendra aðila, sem nota það nálægt landi. Það hefur því líka áhrif á umhverfið og ætti að teljast hluti af heildarorkugildinu.

Í 4. grein segir, að sýnt skuli fram á að eldsneyti sé endurnýjanlegt og uppfylli sjálfbærniþmið og að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð til að uppfylla þessi skilyrði. N1 leggur áherslu á, að umrædd reglugerð feli ekki í sér þvingunaraðgerðir sem leitt geti til þess, að eingöngu verði hægt að kaupa íblöndunarefni af einstökum framleiðendum, heldur verði gæðaviðmið og fagleg sjónarmið látin ráða. Skýra skilgreiningu vantar vegna 4. greinar um, hvað teljist sjálfbær framleiðsla, en tryggt verður að vera að svo sé.

Í 6. grein segir, að hafi söluaðili ekki náð að uppfylla skilyrði 3. gr. um lágmarksorkugildi skuli Orkustofnun leggja á hann sekt. Lagt er til að þetta ákvæði taki gildi 1. janúar 2018. Í sömu grein segir, að ef upprunavottorð eða önnur gögn sem framvísað er af söluaðila eldsneytis nægja ekki til þess, að skilyrði 4. greinar teljist uppfyllt, skuli Orkustofnun senda áskorun um úrbætur innan þriggja vikna. Lagt er til að í stað þriggja vikna komi fjögurra vikna.

Þar sem nú eru í gildi reglur varðandi ívilnanir í sköttum, þá leggur N1 áherslu á að samhliða þessu verði skýrt hver stefna Ríkissjóðs verður varðandi skatta á eldsneyti og að ekki verði einum hóp viðskiptavina íþyngt vegna annars.

Fyrir hönd N1 hf.,

